

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum
um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1986 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1986.
3. Af fyrstu 403 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 403 000 kr., greiðast 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1986 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr., sömu laga.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um Jarðboranir hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna með Reykjavíkurborg hlutafélag er yfirtaki rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík um sameiningu fyrirtækjanna, dags. 8. maí 1985, sbr. sameiginlega bókun aðila, dags. 8. október 1985. Eignaraðild aðila skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn.